

Mánaðaryfirlit  
**2017**

fjs

**Maí**





# Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast árið 2017 í fyrsta sinn á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þessi lög taka við af lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem hafa gilt um reikningsskilin frá árinu 1998. Í 60. gr. laga er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjárslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu. Þá er í greinargerð með lögnum vísað í að þetta uppgjör eigi að vera með sambærilegum hætti og gert hefur verið undanfarin ár samanber 40.gr. laga um fjárreiður ríkisins.

Með lögum um opinber fjármál er verið að gera grundvallarbreytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Þá er jafnframt verið að gera breytingar á fjárlagagerð og áætlanagerð og allt þetta hefur í för með sér að breyta verður framsetningu milliuppgjöra og skýrslna. Árið 2017 er fyrsta árið þar sem reikningsskilin eru samkvæmt nýjum stöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir ríkissjóð í heild og ársreikningalögum fyrir einstaka stofnanir. Innleiðingu á breyttum reikningsskilum er ekki lokið, en gert er ráð fyrir að hún taki að minnsta kosti þrjú ár. Nú er verið að gefa út yfirlit fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2017 í nýrri framsetningu en gert er ráð fyrir að þetta yfirlit verði í þróun yfir árið 2017 eftir því sem innleiðingunni vindur fram til að það þjóni hlutverki sínu sem best.

Yfirlitið nú samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Rekstrarreikningur
- Sjóðstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefnasvið
- Yfirlit yfir málefnasvið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu
- Lánayfirlit

**Mánaðaryfirlit ríkissjóðs** fyrir janúar – maí 2017 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og þeirra gjalda sem búið er að gjaldfæra. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlíð, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Unnið verður að því samhliða innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla að færa mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eins og hægt verður. Við þá breytingu verður gætt að samræmi við framsetningu áætlana.

Áætlanatölur í þessu mánaðaryfirliti byggja á dreifingu fjárveitinga sem aftur byggja á samþykktum rekstraráætlunum og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Jafnframt er búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári og kemur hún að fullu inn í byrjun árs en er ekki dreift yfir árið. Ónýttar fjárveitingar nema nettó 19,6 milljörðum króna. Ljóst er að einhverjir fjárlagaliðir gera ráð fyrir að nýta ónýttar fjárveitingar frá fyrri árum og aðrar gera ráð fyrir að greiða upp halla.

Áhrif nýrra reikningsskilaaðferða eru eins og áður segir ekki komin að fullu inn í þetta yfirlit. Stofnefnahagsreikningar fyrir 1.1.2017 liggja ekki fyrir en í þeim er meðal annars gert ráð fyrir að færa upp varanlega rekstrarfjármuni og orlofsskuldbindingu. Búið er að færa varanlega rekstrarfjármuni hjá um 140 stofnunum og byrjað að gjaldfæra afskriftir á eldri eignum. Ekki er búið að færa inn stærri eignir ríkissjóðs og

eru fjárfestingar ársins að stórum hluta til gjaldfærðar til samræmis við meðhöndlun fjárveitinga. Sú meðhöndlun breytist síðar á árinu og verður áætlunum þá breytt til samræmis. Ekki er farið að færa eignarhluti í félögum samkvæmt hlutdeildaraðferð. Gert er ráð fyrir innleiðingartíma 2017–2019 og er því ekki gert ráð fyrir að áhrifin verði að fullu komin inn fyrir en í lok árs 2019. Þó má gera ráð fyrir að stór hluti verði inni í ríkisreikning fyrir árið 2017. Þegar horft er á samstæðu A-hluta ríkissjóðs gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Unnið er að þeirri breytingu en ekki er búið að taka tillit til innbyrðisfærslna í þeim yfirlitum sem hér eru birt.

Rekstraryfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild sýnir jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 22,2 ma.kr. samanborið við 4,1 ma.kr. sem áætlanir gerður ráð fyrir. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 309,5 ma.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 303,4 ma.kr. og voru því 6,1 ma.kr. hærrí. Mest munar þar um skatt á fjármagnstekjur sem var 3,4 ma.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir, virðisaukaskatt sem var 2,9 ma.kr. hærrí og rekstrartekjur stofnana sem voru 6,5 ma.kr. hærrí. Rekstrartekjur stofnana eru að einhverju leyti innbyrðisfærslur og eiga sér þá mótfærslu á gjaldahlíð. Frekari greiningu á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 3. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 276,8 ma.kr. á meðan heildarfjárheimildir tímabilsins námu 296,4 ma.kr. og voru þau því 19,6 ma.kr. innan heimilda. Af þessum heimildum voru 19,6 ma.kr. hreinar ónýttar fjárveitingar frá fyrra ári og útgjöld tímabilsins því að mestu í samræmi við áætlun tímabilsins. Af þessum gjöldum námu fjárfestingargjöld 6,6 ma.kr. og má gera ráð fyrir að megnið af því færist yfir efnahag þegar breytingu á meðhöndlun fjárfestinga lýkur. Á móti þessum 6,6 ma.kr. var áætlun að fjárhæð 12,6 ma.kr. Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu nettó 10,5 ma.kr. en gert hafði verið ráð fyrir að þessi tala næmi um 2,9 ma.kr. eða 7,6 ma.kr. verri staða. Þetta skýrist að stærstum hluta annars vegar með arðgreiðslum frá hlutafélögum í eigu ríkisins og hins vegar með gjaldfærðum afföllum vegna uppgreiðslu á erlendu láni.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var jákvætt um 17,2 ma.kr. á tímabilinu þar sem innstreymi nam 336,1 ma.kr. og útstreymi 318,9 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar á tímabilinu og nam innstreymi vegna þeirra 47,6 ma.kr. en hreint útstreymi vegna fjármögnunarahreyfinga nam 186,2 ma.kr. og lækkaði staða á handbæru fé um 121,5 ma.kr.

Yfirlit sem sýna sundurliðun á útgjaldaþróun eru töluvert breytt frá því sem verið hefur. Ný framsetning fjárlaga byggir á heimildum til málefna sviða en ekki til einstaka stofnana og byggja yfirlit 4 og 5 á þeirri skiptingu. Yfirlit 4 sýnir samandregna afkomu 34 málefna sviða þar sem horft er á útgjöld að frádregnum tekjum stofnana. Niðurstaða þessa yfirlits er að útgjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 291,2 ma.kr. samanborið við áætlun að fjárhæð 304,6 ma.kr. og eru því um 13,4 ma.kr. lægri en áætlanir. Þegar fjárveitingar frá fyrra ári eru teknar út eru útgjöldin samtals 6,3 ma.kr. umfram heimildir fjárlaga. Mest munar um stöðu á málefna svið 33, Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar sem er 11,5 ma.kr. yfir áætlunum sem skýrt var út hér á undan. Frávik annarra málefna sviða eru töluvert minni. Yfirlit númer 5 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstillfærslur, fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 6 sýnir síðan hagræna skiptingu útgjalda samanborið við áætlanir.

Efnahagsreikningur er ekki birtur í þessu yfirliti enda munu þær breytingar sem verið er að innleiða hafa mest áhrif á hann og mun hann því taka miklum breytingum. Í yfirliti 7 er hins vegar að finna yfirlit yfir hreyfingar á lánnum ríkissjóðs.

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - maí 2017

### Yfirlit 1 - Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Tekjur</b>			
Skatttekjur og tryggingagjöld .....	246.706	241.818	4.888
Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu .....	34.352	35.452	-1.100
Fjárframlög .....	0	1.487	-1.487
Aðrar tekjur .....	4.241	6.979	-2.738
Tekjur stofnana .....	24.192	17.667	6.524
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>309.491</b>	<b>303.405</b>	<b>6.086</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	83.684	86.586	-2.902
Framlög og tilfærslur .....	118.749	125.160	-6.411
Annar rekstrarkostnaður .....	73.128	82.512	-9.385
Afskriftir .....	1.239	2.115	-876
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>276.800</b>	<b>296.374</b>	<b>-19.574</b>
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>32.691</b>	<b>7.031</b>	<b>25.661</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Arðgreiðslur, vaxtatekjur og verðbætur .....	28.099	22.935	5.164
Vaxtagjöld og verðbætur .....	-38.596	-25.852	-12.744
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....</b>	<b>-10.497</b>	<b>-2.917</b>	<b>-7.581</b>
<b>Tekjujöfnuður .....</b>	<b>22.194</b>	<b>4.114</b>	<b>18.080</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - maí 2017

### Yfirlit 2 - Sjóðstreymi

Allar tölur eru í millj.kr.

**Raun**

#### Handbært fé frá rekstri

<b>Innheimta</b> .....	<b>336.055</b>
Skatttekjur .....	246.706
Tryggingagjöld .....	34.352
Aðrar tekjur .....	4.241
Tekjur stofnana .....	24.192
Vaxtatekjur .....	28.099
Birgðabreyting .....	-173
Viðskiptakröfur, breyting .....	-1.361

<b>Greiðslur</b> .....	<b>-318.889</b>
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar .....	-156.812
Fjármagnskostnaður .....	-38.596
Framlög og tilfærslur .....	-118.749
Viðskiptaskuldir, breyting .....	-4.732

**Handbært fé frá rekstri samtals** ..... **17.167**

#### Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfesting .....	-1.998
Veitt löng lán .....	-1.217
Afborganir af langtímaskuldum .....	51.382
Kaup á hlutafé og stofnfjárframlögum .....	-603
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b> .....	<b>47.564</b>

#### Fjármögnunarhreyfingar

Skammtímaskuldir, nettó .....	-27.245
Langtímaskuldir .....	22.948
Afborganir af langtímaskuldum .....	-181.946
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b> .....	<b>-186.244</b>

**Breyting á handbæru fé** ..... **-121.513**

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - maí 2017

### Yfirlit 3 - Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld .....</b>	<b>281.058</b>	<b>277.271</b>	<b>3.788</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað .....</b>	<b>122.833</b>	<b>119.521</b>	<b>3.312</b>
Tekjuskattur, einstaklingar .....	69.701	68.943	757
Tekjuskattur, lögaðilar .....	23.380	24.179	-799
Skattur á fjármagnstekjur, ríkissjóður .....	0	0	0
Skattur á fjármagnstekjur .....	29.752	26.399	3.354
<b>Skattar á launagr. og vinnuafll .....</b>	<b>3.165</b>	<b>3.143</b>	<b>22</b>
Fjársýsluskattur .....	1.257	1.232	25
Annað .....	1.908	1.911	-2
<b>Eignarskattar .....</b>	<b>3.993</b>	<b>3.357</b>	<b>636</b>
Stimpilgjöld .....	1.934	2.018	-84
Erfðafjárskattur .....	1.641	1.103	538
Aðrir eignarskattar .....	418	237	181
<b>Skattar á vöru og þjónustu .....</b>	<b>113.949</b>	<b>112.041</b>	<b>1.908</b>
Virðisaukaskattur .....	82.718	79.839	2.879
Vörugjöld af ökutækjum .....	3.608	3.199	408
Vörugjöld af bensíni .....	4.819	4.905	-86
Olíugjald .....	3.833	3.481	352
Kolefnisgjald .....	1.371	1.513	-142
Áfengisgjald .....	6.441	6.117	324
Tóbaksgjald .....	2.406	2.698	-292
Vörugjald, umhverfisskattar .....	1.513	1.548	-36
Önnur vörugjöld .....	400	753	-353
Sértækir þjónustuskattar .....	3.075	3.068	7
Bifreiðagjald .....	3.503	3.470	33
Aðrir neyslu og leyfisskattar .....	262	1.449	-1.187
<b>Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti .....</b>	<b>1.770</b>	<b>1.507</b>	<b>264</b>
<b>Aðrir skattar .....</b>	<b>996</b>	<b>2.250</b>	<b>-1.254</b>
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra .....	29	29	0
Útvarpsgjald .....	147	165	-17
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki .....	0	232	-232
Ýmsir skattar á atvinnurekstur .....	820	1.825	-1.005

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Tryggingagjöld</b> .....	<b>34.352</b>	<b>35.452</b>	<b>-1.100</b>
Tryggingagjald almennt .....	23.289	24.182	-893
Fæðingaorlofssjóður .....	3.457	3.534	-77
Atvinnutryggingagjald .....	7.249	7.343	-94
Önnur tryggingagjöld .....	357	394	-37
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>0</b>	<b>1.487</b>	<b>-1.487</b>
<b>Fjármagnstekjur</b> .....	<b>28.099</b>	<b>22.935</b>	<b>5.164</b>
Dráttarvextir af skatttekjum .....	1.749	1.917	-168
Aðrar vaxtatekjur .....	2.636	5.210	-2.574
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum .....	23.714	15.808	7.906
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>3.626</b>	<b>6.763</b>	<b>-3.137</b>
Veiðigjald .....	1.529	1.482	47
Leigutekjur .....	114	781	-666
Sala á vöru og þjónustu .....	1.147	2.681	-1.534
Sektir og skaðabætur .....	691	850	-159
Stöðugleikaframlög .....	151	40	111
Ýmsar og óskilgreindar tekjur .....	-7	929	-936
<b>Sala eigna</b> .....	<b>615</b>	<b>217</b>	<b>399</b>
<b>Tekjur stofnana</b> .....	<b>24.192</b>	<b>17.667</b>	<b>6.524</b>
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>337.590</b>	<b>326.340</b>	<b>11.250</b>



# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - maí 2017



### Yfirlit 4 - Málefнасvið, kostnaður að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
<b>Málefnasvið samtals</b> .....	<b>291.204</b>	<b>284.910</b>	<b>6.294</b>	<b>2%</b>	<b>19.648</b>	<b>-13.354</b>	<b>-4%</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	1.978	2.032	-55	-3%	314	-368	-16%
02 Dómstólar .....	939	965	-27	-3%	0	-27	-3%
03 Æðsta stjórnýsla .....	837	656	182	28%	98	84	11%
04 Utanríkismál .....	5.370	5.861	-491	-8%	961	-1.452	-21%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	7.464	6.060	1.404	23%	1.537	-133	-2%
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	958	1.165	-207	-18%	125	-333	-26%
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	4.762	4.815	-53	-1%	1.747	-1.800	-27%
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	7.451	7.499	-49	-1%	389	-437	-6%
09 Almanna- og réttaröryggi .....	8.516	8.806	-291	-3%	303	-594	-7%
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála .....	6.187	5.063	1.124	22%	47	1.077	21%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	11.002	14.020	-3.019	-22%	2.718	-5.737	-34%
12 Landbúnaðarmál .....	6.374	6.458	-83	-1%	295	-378	-6%
13 Sjávarútvegur .....	1.697	1.826	-129	-7%	1.193	-1.322	-44%
14 Ferðapjónusta .....	938	837	101	12%	329	-228	-20%
15 Orku- og eldsneytismál .....	1.406	1.545	-139	-9%	68	-208	-13%
16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	72	1.584	-1.511	-95%	211	-1.723	-96%
17 Umhverfismál .....	4.397	4.775	-378	-8%	3.498	-3.876	-47%
18 Menning og listir .....	4.223	4.061	162	4%	534	-372	-8%
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	1.995	1.999	-4	0%	11	-15	-1%
20 Framhaldsskólastig .....	11.475	12.150	-675	-6%	987	-1.662	-13%
21 Háskólastig .....	14.232	14.899	-667	-4%	649	-1.315	-8%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála .....	1.791	1.791	0	0%	-47	47	3%

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	31.011	31.349	-338	-1%	1.221	-1.559	-5%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	15.440	16.144	-704	-4%	844	-1.548	-9%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta .....	15.907	16.842	-934	-6%	1.108	-2.042	-11%
26 Lyf og lækningavörur .....	7.888	7.169	719	10%	0	719	10%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	20.482	19.304	1.178	6%	4	1.174	6%
28 Málefni aldraðra .....	28.171	27.542	629	2%	0	629	2%
29 Fjölskyldumál .....	12.303	13.124	-821	-6%	-244	-577	-4%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	6.861	6.492	369	6%	158	211	3%
31 Húsnæðisstuðningur .....	2.421	2.759	-337	-12%	448	-786	-24%
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	2.576	2.566	10	0%	142	-132	-5%
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	44.084	32.552	11.532	35%	0	11.532	35%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	0	202	-202		0	-202	

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - maí 2017



## Yfirlit 5 - Málefнасvið yfirlit 2

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun tímabils	Heildar- áætlun
<b>Málefнасvið samtals .....</b>	<b>189.991</b>	<b>113.394</b>	<b>5.351</b>	<b>6.660</b>	<b>-24.192</b>	<b>291.204</b>	<b>284.910</b>	<b>304.558</b>
1 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	1.942	38	0	15	-17	1.978	2.032	2.346
2 Dómstólar .....	938	0	0	0	-0	939	965	966
3 Æðsta stjórnarsýsla .....	830	14	0	0	-7	837	656	753
4 Utanríkismál .....	2.933	3.031	0	3	-598	5.370	5.861	6.821
5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	10.251	387	0	474	-3.649	7.464	6.060	7.597
6 Grunnskrár og upplýsingamál .....	1.400	4	0	1	-447	958	1.165	1.290
7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	681	623	3.755	23	-319	4.762	4.815	6.562
8 Sveitarfélög og byggðamál .....	18	7.433	0	0	0	7.451	7.499	7.888
9 Almanna- og réttaröryggi .....	9.413	208	0	17	-1.124	8.516	8.806	9.109
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála .....	4.819	1.433	11	0	-76	6.187	5.063	5.110
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	5.488	1.563	566	4.026	-640	11.002	14.020	16.738
12 Landbúnaðarmál .....	645	5.862	0	0	-133	6.374	6.458	6.752
13 Sjávarútvegur .....	2.107	236	0	0	-646	1.697	1.826	3.020
14 Ferðaþjónusta .....	207	185	545	2	-1	938	837	1.166
15 Orku- og eldsneytismál .....	257	1.199	0	0	-50	1.406	1.545	1.614
16 Markaðseftirlit og stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	1.537	45	0	0	-1.510	72	1.584	1.795
17 Umhverfismál .....	4.003	1.005	181	159	-951	4.397	4.775	8.273
18 Menning og listir .....	3.049	1.337	207	11	-380	4.223	4.061	4.595
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	1.657	328	10	0	0	1.995	1.999	2.010
20 Framhaldsskólastig .....	11.079	1.021	0	0	-624	11.475	12.150	13.138

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun tímabils	Heildar- áætlun
21 Háskólastig .....	11.915	5.419	0	517	-3.618	<b>14.232</b>	14.899	15.547
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarm. ....	1.335	695	0	0	-239	<b>1.791</b>	1.791	1.744
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	33.836	792	0	654	-4.270	<b>31.011</b>	31.349	32.570
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	10.935	7.577	0	0	-3.072	<b>15.440</b>	16.144	16.988
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	15.868	3	64	710	-738	<b>15.907</b>	16.842	17.950
26 Lyf og lækningavörur .....	2.852	5.036	0	0	-1	<b>7.888</b>	7.169	7.169
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	55	20.431	0	0	-4	<b>20.482</b>	19.304	19.308
28 Málefni aldraðra .....	9	28.163	0	0	-2	<b>28.171</b>	27.542	27.542
29 Fjölskyldumál .....	1.300	11.035	0	0	-33	<b>12.303</b>	13.124	12.880
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	1.573	5.836	0	0	-548	<b>6.861</b>	6.492	6.650
31 Húsnæðisstuðningur .....	69	2.290	13	49	0	<b>2.421</b>	2.759	3.207
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	2.904	165	0	0	-493	<b>2.576</b>	2.566	2.708
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	44.084	0	0	0	0	<b>44.084</b>	32.552	32.552
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	0	0	0	0	0	<b>0</b>	202	202

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - maí 2017

Yfirlit 6 - Hagraen skipting



Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
<b>Rekstrargjöld .....</b>	<b>189.991</b>	<b>172.669</b>	<b>17.322</b>	<b>179.937</b>	<b>10.053</b>
Laun .....	77.996	75.203	2.784	79.891	-1.895
Lífeyrisskuldbindingar .....	5.688	6.695	-1.007	6.695	-1.007
Afskriftir .....		1.902	-663		0
Önnur gjöld .....	67.926	63.018	3.678	67.499	426
Fjármagnskostnaður .....	38.381	25.852	12.530	25.852	12.530
<b>Rekstrartilfærslur .....</b>	<b>113.394</b>	<b>111.434</b>	<b>1.960</b>	<b>114.352</b>	<b>-958</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	38	26	12	26	12
02 Dómstólar .....	0	0	0	0	0
03 Æðsta stjórnýsla .....	14	33	-19	34	-20
04 Utanríkismál .....	3.031	2.395	636	2.865	166
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	387	419	-32	445	-58
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	4	0	4	0	4
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	623	582	40	752	-129
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	7.433	7.497	-65	7.886	-453
09 Almanna- og réttaröryggi .....	208	161	48	164	44
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála .....	1.433	1.448	-15	1.448	-15
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	1.563	1.189	374	733	830
12 Landbúnaðarmál .....	5.862	5.928	-67	6.187	-325
13 Sjávarútvegur .....	236	231	6	1.087	-850
14 Ferðaþjónusta .....	185	295	-111	258	-74
15 Orku- og eldsneytismál .....	1.199	1.233	-33	1.260	-61

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	45	48	-3	109	-64
17 Umhverfismál .....	1.005	1.000	5	1.057	-53
18 Menning og listir .....	1.337	1.401	-64	1.592	-255
19 Fjölmiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	328	350	-22	351	-23
20 Framhaldsskólastig .....	1.021	871	150	949	72
21 Háskólastig .....	5.419	5.590	-171	5.671	-253
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála .....	695	669	26	724	-29
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	792	695	97	858	-66
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	7.577	6.867	710	6.867	710
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	3	271	-268	436	-433
26 Lyf og lækningavörur .....	5.036	4.718	318	4.718	318
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	20.431	19.270	1.161	19.273	1.158
28 Málefni aldraðra .....	28.163	27.532	631	27.532	631
29 Fjölskyldumál .....	11.035	11.882	-847	12.137	-1.102
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	5.836	5.805	31	5.818	18
31 Húsnæðisstuðningur .....	2.290	2.683	-392	2.683	-392
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	165	274	-108	360	-195
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	0	72	-72	72	-72
Ýmis málefna svið .....	0			0	0
<b>Fjármagnstilfærslur .....</b>	<b>5.351</b>	<b>5.865</b>	<b>-514</b>	<b>10.809</b>	<b>-5.458</b>
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	3.755	4.025	-270	5.487	-1.732
09 Almanna- og réttaröryggi .....	0	13	-13	13	-13

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála .....	11	0	11	0	11
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	566	342	224	962	-397
13 Sjávarútvegur .....	0	243	-243	333	-333
14 Ferðapjónusta .....	545	384	161	515	31
17 Umhverfismál .....	181	462	-281	1.774	-1.593
18 Menning og listir .....	207	69	137	112	95
19 Fjölmiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	10	10	-0	10	-0
21 Háskólastig .....	0	0	0	-1	1
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta .....	64	252	-188	1.091	-1.027
31 Húsnæðisstuðningur .....	13	65	-52	513	-500
<b>Annað</b>					
Fjárfestingarframlög .....	6.660	12.609	-5.949	17.128	-10.468
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>315.396</b>	<b>302.577</b>	<b>12.818</b>	<b>322.226</b>	<b>-6.830</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - maí 2017

Yfirlit 7 - Lánayfirlit



	Árslok	Hreyfingar á árinu 2017			Febrúarlok
	2016	Tekin/veitt			2017
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>	Samtals	lán	Afborgun	Endurmat	Samtals
<b>Veitt löng lán, nettó</b> .....	<b>158.355</b>	<b>1.217</b>	<b>-51.382</b>	<b>294</b>	<b>104.491</b>
<b>Veitt löng lán</b> .....	<b>158.355</b>	<b>1.217</b>	<b>-51.382</b>	<b>294</b>	<b>108.484</b>
Veitt lán til Seðlabanka Íslands .....					0
Veitt lán, önnur .....	158.355	1.217	-51.382	294	108.484
<b>Innheimtar afborganir af veittum löngum lánum</b> .....	.				.
Innheimtar afborganir frá Seðlabanka Íslands .....	.				.
Innheimtar afborganir, aðrar .....	.				.
<b>Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldum</b> .....					<b>-3.993</b>
<b>Tekin löng lán, nettó</b> .....	<b>-1.064.049</b>	<b>-22.948</b>	<b>176.417</b>	<b>5.823</b>	<b>-904.756</b>
<b>Tekin löng lán</b> .....	<b>-1.109.144</b>	<b>-22.948</b>	<b>176.417</b>	<b>5.823</b>	<b>-949.852</b>
Spariskírteini .....	-203.665	-697	881	-1.679	-205.159
Ríkisbréf .....	-624.983	-22.251	46.929	0	-600.305
Seðlabanki Íslands .....	-28.500	0	28.500	0	0
Önnur innlend lán .....	-50.048	0	1.300	-409	-49.156
Erlend lán .....	-201.949	0	98.808	7.910	-95.231
<b>Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldum</b> .....	<b>45.096</b>	<b>0</b>			<b>45.096</b>

1) Eignaaukning eða skuldaminunkun = -